

## GJALDSKRÁ fyrir sorphirðu og förgun úrgangs í Svalbarðsstrandarhreppi 2019

### 1. gr.

Sveitarstjórn Svalbarðsstrandarhrepps hefur ákveðið, sbr. heimild í samþykkt um sorphirðu sveitarfélaga á Norðurlandi eystra nr. 541/2000, að leggja á sorpgjald í sveitarfélaginu fyrir árið 2019 skv. gjaldskrá þessari.

### 2. gr.

Gjaldið er sem hér greinir:

Íbúðir	kr. 43.700,-
Frístundahús	kr. 17.825,-
Stærri býli	kr. 82.800,-
Minni býli	kr. 28.175,-
Fyrirtæki A	kr. 43.700,-
Fyrirtæki B	kr. 82.800,-
Fyrirtæki C	kr. 177.675,-

Sveitarstjórn skipar fyrirtækjum í flokka eftir stærð fyrirtækis og magni sorps.

Frá og með 1. janúar 2019 verður lagt á gripagjald sem standa á undir kostnaði við förgun dýrahraeja.

Gjaldið er sem hér greinir:

Nautgripir	kr. 600 pr. stk.
Svín	kr. 410 pr. stk.
Hross	kr. 225 pr. stk.
Sauðfé	kr. 105 pr. stk.
Hænur	kr. 11 pr. stk.

### 3. gr.

Heimilt er sveitarstjórn Svalbarðsstrandarhrepps að veita 50% afslátt til elli- og örorkulífeyrisþega frá gjaldskrá fyrir íbúðir þar sem þeir eiga lögheimili.

### 4. gr.

Gjöld vegna förgunar úrgangs frá fyrirtækjum og stofnunum er skv. gjaldskrá móttökuaðila. Fyrirtæki sem kjósa að nýta sér gáma á vegum sveitarfélagsins skulu greiða sorpgjald skv. gjaldskrá.

Heimilt er að leggja álag á fyrirtækjagjald samkvæmt mati sveitarstjórnar á sorpmagni frá viðkomandi fyrirtæki, þannig að tryggt sé að gjaldið standi undir þjónustunni.

**5. gr.**

Gjaldskrá þessi er samín og samþykkt af sveitarstjórn Svalbarðsstrandarhrepps, að fenginni umsögn heilbrigðisnefndar Norðurlandssvæðis eystra með heimild í 8. gr. samþykktar um sorphirðu sveitarfélaga á Norðurlandi eystra, nr. 541/2000, sbr. einnig 25. gr. laga nr. 7/1998, um hollustuhætti og mengunarvarnir, ásamt síðari breytingum og öðlast þegar gildi.

*Samþykkt á 12. fundi Sveitarstjórnar Svalbarðsstrandarhrepps 04. desember 2018.*

*Björgvinur*

